

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 31. mars 2022.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson, Bjarni Ingimarsson og Magnús Smári Smáráson.

Fulltrúar SNS voru: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Frestun á innleiðingu fylgiskjals 3 í gildandi kjarasamningi

Nokkur sveitarfélög/slökkvilið ásamt trúnaðarmönnum/fulltrúum LSS viðkomandi slökkviliða hafa óskað eftir því við samstarfsnefnd að innleiðing á Fylgiskjali 3 með gildandi kjarasamningi verði frestað.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin hefur ákveðið að verða við þeirri ósk og fellur þá kvörðun samstarfsnefndar í fundargerð nr. 97 frá 28. ágúst 2020 úr gildi og gildir nú eftirfarandi:

- Fylgiskjal 3 í kjarasamningi aðila tekur gildi eigi síðar en frá og með 1. október 2022 óháð því hvort einstaka rekstrareiningar hafi gert breytingar á vaktkerfum eða ekki.
- Heimilt er að innleiða fylgiskjal 3 fyrir 1. október 2022 og eru aðilar hvattir til að nýta tímann vel.

Samstarfsnefnd er reiðubúin til ráðgjafar og stuðnings hvenær sem er.

2. Undanþága frá sjúkraflutningum

Fulltrúar LSS lögðu fram erindi varðandi undanþágu frá sjúkraflutningum vegna 50 ára reglunnar í gr. 2.6.11 og framkvæmd hennar.

Niðurstaða:

Það er sameiginlegur skilningur að starfsmenn sem náð hafa 50 ára aldri og óska eftir að vera undanþegnir sjúkraflutningum skv. gr. 2.6.11 skuli ekki skráðir á sjúkrabíl nema í sérstökum neyðartilfellum og að höfðu samráði.

Fleira var ekki gert